

# Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

**Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir**  
15. september 2010



# Tungumálatorg

## Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

### Grunnupplýsingar

**Nafn skóla:** Laugalækjarskóli

**Nafn verkefnisins:** Tungumálatorg

**Nafn verkefnisstjóra:** Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir

### Um Tungumálatorgið

Tungumálatorgið er rafrænn vettvangur á neti, tengdur námi og kennslu tungumála í víðu samhengi. Það er vettvangur allra skóla og fræðslustofnana, kennara og foreldra.

Tungumálatorgið er sett upp að frumkvæði mennta- og menningarmálaráðuneytis og með góðum stuðningi Menntavísindasviðs Háskóla Íslands, Menntasviðs Reykjavíkur, stjórnenda Laugalækjarskóla og skólamálafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fyrstu skref verkefnisins og systurverkefna hafa verið styrkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sprotasjóði, Samstarfssjóði Íslands og Danmerkur, Endurmenntunarsjóði grunnskóla, Þróunarsjóði innflytjendamála, Nordplus og Vinnumálastofnun.

### Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Meginmarkmið verkefnisins er að styðja við nám í tungumálum og fjölmenningsleggt skólastarf með upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samskiptum um netið. Áhersla verður lögð á að koma í veg fyrir tvíverknað með því að samræma vinnu, samnýta efni og nýta betur krafta aðila er tengjast viðfangsefninu víða um land. Afurðir verkefnisins birtast á vef Tungumálatorgsins og felast í efni, ráðgjöf og netnámi.

### Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Í allri vinnu við Tungumálatorgið hafa eftirfarandi atriði verið höfð að leiðarljósi:

- Tryggja nemendum þann jöfnuð sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.
- Stuðla að samstarfi kennara án tillits til búsetu.
- Efla kennara í starfi með gagnkvæmum samskiptum og hagnýtu stoðefni.
- Koma efni á framfæri og samnýta þekkingu, reynslu og fjármuni.



Byggt hefur verið upp tengslanet fag- og tæknaðila, gagnlegu efni hefur verið safnað og vefefni unnið. Skipt hefur sköpum fyrir gott gengi við uppsetningu Tungumálatorgsins hve margir aðilar hafa lagt verkefninu lið.

Uppsetning vefkerfis og vinna fyrstu hluta vefsins fór að mestu fram í Menntasmiðju Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Öll aðstaða sem og aðgengi að hugbúnaði, þróunar-svæðum, upptökubúnaði og sértækri ráðgjöf hefur verið til fyrirmyndar. Mennta- og menningarmálaráðuneyti setti jafnframt upp vefvæði fyrir Tungumálatorgið og hafa starfsmenn ráðuneytisins reynst traustir bakhjarlar.

### **Frávik miðað við áætlun verkefnisins**

Í áætlunum fyrir Tungumálatorgið var uppbygging þess skilgreind sem þriggja ára verkefni. Stuðningur Sprotasjóðs hefur verið verkefninu mikilvægur fyrsta árið og dugað með mótframlagi fyrir um helmingi af áætluðum kostnaði. Verkefnið var því afmarkað og megináhersla lögð á uppsetningu vefefnis og netsamfélaga. Samhliða uppbyggingu torgsins hafa systurverkefni þess verið unnin í Tungumálaveri Laugalækjarskóla. Öll þessi verkefni mynda grunn að torginu sem verður opnað á haustmánuðum og greint er frá í fylgiskjölum þessarar skýrslu.

### **Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins**

Framkvæmd verksins hefur að mestu gengið vel. Þó má nefna að hætta varð við að nota ókeypis netsamfélög frá Ning.com þegar eigendur fyrirtækisins breyttu skyndilega greiðslumódeli sínu og hófu fyrr á þessu ári gjaldtöku fyrir alla þjónustu. Upphaflega var Ning-kerfið valið eftir mikla yfirlegu og áætlanagerð um útfærslur og notkun. Eftir að hætt var við þessa leið fór aftur mikill tími í uppsetningu og aðlögun á nýju kerfi, þ.e. BuddyPress netsamfélagi fyrir Wordpress vefútgáfukerfið. Vinna við þennan þátt verkefnisins hefur verið ákaflega tímafrek en að sama skapi lærdómsrík. Þröngur fjárhagur og óljós framtíðarfjármögnun hafa einnig verið áskorun sem taka hefur þurft tillit til við afmörkun og vinnu við fyrstu skref verkefnisins.

### **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Áhugi og stuðningur þeirra mörgu aðila er tengdust verkefninu (hvort heldur sem var í formi beinna styrkja eða efnis og aðstöðu) var hvatning við vinnu verkefnisins. Í þessu samhengi vóg þungt að Menntavísindasvið Háskóla Íslands lét verkefninu í té tvo starfskrafta úr atvinnuúrræði Vinnumálastofnunar fyrir atvinnulausa háskólanema sumarið 2010. Mikill fengur var í framlagi þeirra Fernán González og Helgu Ágústsdóttur sem tóku þátt í uppbygg-



ingu Tungumálatorgsins af áhuga, fagmennsku og vandvirkni. Menntun, tölvukunnátta, sérþekking á útlitshönnun, Web 2.0 lausnum, íslensku- og tungumálakunnátta og fjölmenn- ingarlegur bakgrunnur þeirra var verkefninu ómetanlegur.

Bakland verkefnisins hjá Menntasmiðju og ráðuneyti hefur skipt sköpum fyrir þróun þess. Þetta vinnulíkan þar sem ráðuneyti og háskóli skapa umgjörð fyrir verkefnið, auk þess sem að því hafa komið sérfræðingar í upplýsingatækni, reyndir kennarar, kennsluráðgjafar og háskólanemar, er áhugavert líkan fyrir þróunarvinnu í menntasamfélaginu sem leiðir af sér ríkulegan afrakstur og byggir upp nýja þekkingu sem getur skilað sér áfram til fleiri aðila og verkefna.

### **Mat á verkefninu samkvæmt umsókn**

Tungumálatorgið á rætur í opinberri stefnumótun, starfi frumkvöðla og skýrri sýn á þarfir og framtíð skólastarfs. Það sprettur upp af raunverulegri þörf í skólasamfélaginu og hefur styrkst af samstarfi ýmissa einstaklinga, stofnana og ráðuneytis. Þessi samlegðaráhrif og stuðningur sem verkefnið hefur hlotið hefur leitt til þess að vinna við fyrstu skref verkefnisins skilar fjölbreyttum sprotum og fyrirmyndum til framtíðar.

Upphafslota þróunar og uppsetningar Tungumálatorgsins var skilgreind til þriggja ára. Nú að loknu fyrsta ári verkefnisins felst afrakstur í upplýsinga- og efnisvefjum og netsamfélögum fyrir skólastarf. Vettvangurinn hefur þýðingu fyrir fjölmenna hópa tungumálakennara, skóla- stjórnenda, foreldra og nemenda. Verkferlar, kerfi, umgjörð efnis og samskipta á netinu eru jafnframt fyrirmynd fyrir þróun og uppsetningu fleiri netsamfélaga.

Fyrirnefnt líkan að samstarfi menntamálaráðuneytis, Menntavísindasviðs HÍ, Tungumálavers og einstakra kennara er einnig mikilvægur afrakstur sem vert er að skoða sem fyrirmynd að þróunarverkefnum í menntageiranum.

Afrakstur af fyrsta verkefnisári Tungumálatorgsins nær fyllilega að uppfylla væntingar að- standenda verkefnisins. Vert er þó að geta þess að efni sem komið er inn á vettvanginn sýnir möguleika og gefur hugmynd um hvernig þróunin getur orðið til framtíðar. Náðst hefur að hrinda mörgu af stað en mikið verk er framundan. Á þessum tímapunkti þegar fyrsta af þremur þróunarárum er lokið eru framtíðarhorfur verkefnisins þó afar óljósar. Mikilvægt er að það fái nauðsynlegt fjármagn og kerfislega festu þannig að byggja megi ofan á þann afrakstur sem þegar er til staðar og þróa torgið áfram skólakerfinu til heilla.



## Niðurstöður verkefnisins

Vefsvæðið [www.tungumalatorg.is](http://www.tungumalatorg.is) verður formlega opnað á haustmánuðum 2010. Vefir og netsamfélög eru notendum að kostnaðarlausu og verða vettvangur allra skóla og fræðslustofnana, kennara og foreldra. Tungumálatorginu er ætlað að nýtast öllum skólastigum og verða lifandi vettvangur á netinu þar sem kennarar geta sótt sér ráðgjöf, skipst á hugmyndum og efni. Það efni sem þegar er komið inn á vettvanginn (sjá yfirlit í fylgiskjölum) gefur einungis hugmynd um hvaða möguleika hann býður upp á og hvernig hann getur þróast sé vel á haldið. Vonast er til að sem flestir kennarar vilji nýta sér torgið, móta það og leggja sitt af mörkum til að gera það að eftirsóknarverðum vettvangi fyrir aðila sem koma að skólasamfélaginu.

Tungumálatorgið er byggt upp af efnis- og samfélagsvefjum. Við miðlun efnis hefur rík áhersla verið lögð á að nýta fjölbreytta kosti miðilsins. Sem dæmi um þetta hefur áhersla verið lögð á myndræna framsetningu, hljóð og skjáupptökur. Vefútgáfu- og samskiptasvæði hafa einnig verið virkjuð. Í fylgiskjölum (bls. 7-12) er að finna yfirlit yfir helstu vefhluta og lýsingu á tæknilegum áherslum. Áherslur í upphafi tengjast eftirfarandi þáttum.

- **Íslenska sem annað mál.** Tungumálatorgið styður við íslenskunám með efni, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samskiptum um netið.
- **Íslenska erlendis.** Stór og vaxandi hópur íslenskra barna býr erlendis. Torgið styður við íslenskukennslu þeirra með fagsamfélagi kennara, upplýsingum og efni.
- **Norræn mál: Danska, norska og sænska.** Með námi í norrænum tungumálum er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Fagsamfélög kennara eiga sér vettvang á torginu og töluvert af efni hefur verið birt á vefnum.
- **Móðurmálsvefir: Spænska og ítalska.** Nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku eiga eftir því sem kostur er að fá tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu. Á Tungumálatorginu er hagnýtum upplýsingum miðlað til foreldra.
- **Skóli fjölmenningar: Pólska og Fjölvakí.** Mikill fjöldi nemenda af erlendum uppruna undirstrikar mikilvægi þess að nýta, miðla og læra af vönduðu starfi liðinna ára. Upplýsingum um skóla- og tómstundastarf er miðlað með skjákynningum talsettum á pólsku. Yfirlit af Fjölvaká-vefnum með upplýsingaefni á erlendum málum um íslenskt samfélag er einnig miðlað á vefnum.

Efni sem birt er á Tungumálatorginu hafa höfundarrétthafar leyft að nota samkvæmt ákvæðum Creative Commons (hugverkasameign). Tungumálatorgið er opið fyrir efni tengdu fleiri tungumálum allt eftir óskum hlutaðeigandi.



Ef aðlaga á skólann nútímanum þarf stoðkerfi skólasamfélagsins að vera í takti við þarfir notendanna. Tungumálatorgið er svæði sem byggt er upp með notendur framtíðar í huga. Það er fyrir fólk sem er alið upp með tölvuna á hnjónum og leitar fyrst á Google að upplýsingum áður en farið er í aðrar upplýsingaveitur um velflest það sem daglegu lífi við kemur. Það er í stöðugum rafrænum tengslum við vini og samstarfsmenn, geymir efni sitt veflægt á Dropbox, google.docs og lokuðum blogsíðum, birtir myndir og myndskreið sem tekin eru með símanum á blogsíðum sekúndum eftir að þau eru tekin.

Um er að ræða umbóta- og þróunarverkefni og þegar upp er staðið má ætla að ávinningur þess verði umtalsverður. Tungumálatorgið getur eflt skólastarf, stuðlað að velferð og virkni nýrra þjóðfélagsþegna og styrkt í leiðinni innviði samfélagsins.

### Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Tungumálatorgið hefur þegar verið kynnt meðal þeirra fjölmörgu aðila er komið hafa að verkefninu á einn eða annan hátt. Verkefnið hefur jafnframt verið kynnt með formlegum hætti:

- Kynning á málþingi um íslenskukennslu og vefinn sem Rannsóknarstofa um íslensk fræði og íslenskukennslu hélt 27. janúar 2010.
- Veggspjaldakynning á vegum STÍL - Samtaka tungumálakennara á Íslandi, á námstefnu NBR landanna í alþjóðasamtökum tungumálakennara FIPLV sem haldin var 18. júní 2010.
- Veggspjald og fyrirlestur á sumarnámskeiði sem ÍSBRÚ – samtök þeirra sem kenna íslensku sem erlent mál á öllum skólastigum hélt 6. ágúst 2010.
- Veggspjald og kynning á námsgagnasýningu Námsgagnastofnunar þann 17. ágúst 2010.
- Kynning með dönskum gesta- og farkennurum og lektorum við dönskudeild Menntavísindasviðs HÍ 30. ágúst 2010.

Fyrirhugaðar kynningar eru eftirfarandi:

- Kynning með foreldrum pólskra barna í september.
- Kynning hjá félagi dönskukennara í lok september.
- Kynning hjá skólastjórnendum í Reykjavík fyrir áramót.
- Málstofa með fjórum lotum á Menntakviku - árlegri ráðstefnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands 22. október.
- Kynning á degi íslenskrar tungu 16. nóvember (áætlaður formlegur opnunardagur).

Verkefnið verður eftir því sem efni og ástæða er til kynnt í fjölmiðlum, á málþingum, með greinaskrifum í fagtímaritum og til skóla og skólaskrifstofa með aðstoð skólamálafulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga.



## **Annað sem gagnlegt er að upplýsa stjórn Sprotasjóðs um**

Meginmarkmið verkefnisins hefur frá upphafi verið að nýta upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samskipti um netið til að framfylgja opinberri stefnumótun og samræma vinnu, samnýta efni, koma í veg fyrir tvíverknað og nýta betur krafta hæfra aðila er tengjast viðfangsefninu víða um land. Á þann hátt er hægt að spara fjármuni, auka aðgengi að hagnýtu stoðefni, efla kennara í starfi og umfram allt tryggja nemendum þann jöfnuð sem þeir eiga rétt á.

Með verkefninu hafa verið tekin fyrstu skref í þróun sem þarf lengri tíma til að ná fótfestu. Hugsa verður verkið í áföngum og gefa því færi á að þróast í samræmi við áherslur í tungumálakennslu og þarfir notenda á hverjum tíma. Mikið verk er framundan við frekari uppbyggingu.

Mikilvægt er að fylgja því sem unnið hefur verið eftir og sjá til þess að verkið sem byrjað er eigi framtíð fyrir sér. Þeir fjölmörgu aðilar sem komið hafa að mótun verkefnisins hafa allir sýnt því áhuga en formgera þarf verkefnið til að tryggja að sú grunnvinna sem þegar hefur farið fram nýtist til framtíðar.

15. september 2010

Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir, verkefnisstjóri  
Björn M. Björgvinsson, skólastjóri



## Fylgiskjöl I

### Helstu vefhlutar



Tungumálatorg

Vettvangur samstarfs - Miðja efni og upplýsinga



Tungumálatorgið er byggt upp af efni- og samfélagsvefjum. Áherslur í upphafi tengjast eftirfarandi þáttum.

- **Íslenska sem annað mál** - Tungumálatorgið styður við íslenskunám með efni, upplýsingamiðlun, ráðgjöf og samskiptum um netið.
- **Íslenska erlendis** - Stór og vaxandi hópur íslenskra barna býr erlendis. Tungumálatorgið styður við íslenskukennslu þeirra með fagsamfélagi kennara, upplýsingum og efni.
- **Norræn mál: Danska, norska og sænska** - Með námi í norrænum tungumálum er stuðlað að því að viðhalda og efla tengsl við Norðurlönd. Fagsamfélög kennara eiga sér vettvang á torginu og töluvert af efni hefur verið birt á vef torgsins.
- **Móðurmálsvefir: Spænska og ítalska** - Nemendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum með annað móðurmál en íslensku eiga eftir því sem kostur er að fá tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu. Á Tungumálatorginu er hagnýtum upplýsingum miðlað til foreldra.
- **Stoðir fyrir fjölmennigarlegan skóla: Pólska** - Mikill fjöldi nemenda af erlendum uppruna undirstrikar mikilvægi þess að nýta, miðla og læra af starfi liðinna ára. Upplýsingum um skóla- og tómstundastarf er miðlað með skjákynningum talsettum á pólsku.

Tungumálatorgið er opið fyrir fleiri tungumálum.



Viltu læra  
**ÍSLENSKU?**



**Viltu læra íslensku?** er vefur með samnefndum sjónvarpsþáttum er fjalla um daglegt líf og störf á Íslandi. Þættirnir eru textaðir á íslensku og hverjum þætti fylgir einnig yfirlit á ensku, íslensku, pólsku og spænsku. Efnið gagnast þeim stóra hópi er leggur stund á íslensku. Textaskrár (subtitle) hafa verið unnar á textaform fyrir notendur.



**Íslenska**  
sem annað mál



**Íslenska sem annað mál** eru upplýsinga-, efni- og samstarfsvefir fyrir kennara íslensku sem annars máls. Tengt er í helstu upplýsingavefi og myndrænu efni miðlað á vefnum. Teymi kennsluráðgjafa og virkra kennara á mörgum skólastigum vinna að uppsetningu og mótun vefsins í vetur.





**Vefur Huldu Karenar** er með efni af vinsælum póstlista fyrir nýbúakennara. Eldra efni af póstlistanum sem enn á erindi við skólasamfélagið hefur verið sett inn á vefinn og er tilbúið til birtingar. Til stendur að birta það jafnt og þétt á vefnum í vetur.



**Íslenska erlendis** er vettvangur allra þeirra er koma að íslenskukennslu barna með íslenskar rætur erlendis. Einkum er miðað við formlega staðbundna kennslu sem fer fram á Norður-löndum og í stærstu borgum Mið-Evrópu. Þetta skólaár verður netsamfélagið notað til að kanna stöðu íslenskukennslunnar, mynda tengsla- og vinnuhópa og benda á hagnýt námsgögn.

Efni úr Íslenskuskólanum hefur einnig verið yfirfarið, endurunnið og tengt við vef Tungumálatorgsins.

**Leikum og lærum** er efni af leikskólanámskeiði sem haldið var í Íslenskuskólanum árið 2005. Efnið gagnast til dæmis foreldrum búsettum erlendis sem vilja viðhalda íslenskukunnáttu barna sinna. Efni úr klúbbum og af námskeiðum sem haldin voru í Íslenskuskólanum árin 2003-2005 hefur verið safnað saman, það yfirfarið, lagfært og tengt við Tungumálatorgið.




Málrækt



**Danska** er bæði efnisvefur með flokkuðu og ritstýrðu efni frá kennurum sem og samfélagsvefur þar sem kennarar geta skipst á skoðunum og leitað ráða hver hjá öðrum um kennslu og kennsluhætti.



Allt efnið hefur verið sett í kennslufræðilegt samhengi og vísað er í námskrá þar sem við á. Gerðar hafa verið verklýsingar, sem útskýra hvað er gert, hvernig og hvers vegna. Reynt hefur verið að styðja útskýringar með pdf-skjölum, myndum og myndbandsbútum. Einnig fylgja öllum verkefnum ábendingar um matsaðferðir og þá einkum sjálfsmatsaðferðir.

**Netdansk** námsvefurinn er efni sem bjargað var úr glatkistunni og hefur nú verið yfirfarið og sett upp á Tungumálatorginu.





**Dönskuvefur Dagnýjar** er vefur með hugmyndum að fjölbreyttri kennslu þar sem kennslubókinni er sleppt en áhersla t.d. lögð á hringekjur og útikennslu.



**Norska** – Á vefnum verður efni og samfélag tengt starfi félags norsku- og sænskukennara á Íslandi. Markmiðið er að veita upplýsingar, birta efni og gefa kennurum vettvang til skoðanaskipta.



**Sænska** – líkt og á norska vefnum verður efni og samfélag tengt starfi félags norsku- og sænskukennara á Íslandi á vefnum. Markmiðið er að veita upplýsingar, birta efni og gefa kennurum vettvang til skoðanaskipta.



**Spænska** - Vefur með upplýsingum um íslenskt skólastarf, spænskukennslu á Íslandi og umfram allt fjölbreyttum stoðum til að viðhalda spænsku sem móðurmáli barna búsettra hér á landi. Efnið er flokkað eftir því hvort það henti nemendum, foreldrum eða kennurum.



**Ítalska** - Vefur með efni sem styður við ítölskunám barna með ítalskar rætur á Íslandi. Tengt er í ýmsa ítalska vefi og menningartengt efni sem nýtist vel við tungumálakennsluna.



Pólska - Á vefnum eru margvíslegar upplýsingar og skjáupptökur með pólsku tali er styðja foreldra við að aðstoða börn sín í skóla og tómstundastarfi. Upplýsingarnar eiga jafnframt að auðvelda skólum upplýsingamiðlun til foreldra um skólastarfið. Væntingar eru um að vettvangurinn muni rjúfa einangrun bæði foreldra og kennara, eyða misskilningi og hvetja til virkrar þátttöku í skóla- og tómstundastarfi. Vefurinn er fyrirmynd að sambærilegri upplýsingamiðlun á öðrum tungumálum.

## Þjónusta við innflytjendur og skóla



Skjáupptökur á pólsku með upplýsingum um skólagöngu og tómstundir barna og unglinga.

**Tungumálatorgið er opinn vettvangur fyrir  
margvíslegt efni og samskipti er tengjast námi og kennslu  
tungumála í víðu samhengi.**



## Fylgiskjöl II

### Tæknilegt umhverfi Tungumálatorgsins



#### Vefkerfi og íbætur

Mikil vinna liggur á bak við hönnun á útliti, uppsetningu og framsetningu efnis á vef Tungumálatorgsins. Vefurinn er byggður upp af fjölmörgum vefhlutum sem nýta *WordPress* 3.0 vefútgáfukerfið til birtingar á efni. *WordPress* er upphaflega blog-kerfi sem hefur þróast mikið á undanförunum árum og náð mikilli útbreiðslu. Um er að ræða opinn og frjálsan hugbúnað sem er nú aðgengilegur í fjölnotendaútgáfu. Hægt er að finna margvíslegar íbætur (plugins) og útlitsniðmát (themes) fyrir *WordPress* og eru nokkrar íbætur mikilvægar fyrir Tungumálatorgið. *Buddypress* íbótin gegnir stóru hlutverk á vefnum því með henni er netsamfélag tengt við vefinn. Í netsamfélaginu er hægt að stofna afmarkaða hópa utan um umræður og samskipti þátttakenda. Á þennan hátt má t.d. stofna hóp fyrir ákveðið fagsamfélag kennara þar sem notendur geta stofnað og tekið þátt í umræðum og séð virkni annarra í hópnum eins og nýjustu hreyfingar og blog-færslur. Fleiri íbætur sem nefna má er t.d. *qTranslate* sem auðveldar upplýsingamiðlun á fleiri en einu tungumáli, *Add This* sem auðveldar notendum að vísa á eða segja frá vefefni í öðrum netsamfélögum og *SFC*-plugin sem leyfir meðal annars aðgang í gegnum Facebook-lykilorð notenda og auðveldar flæði efnis yfir á *Facebook síðu* Tungumálatorgsins sem sett var upp. Íbætur fyrir myndasýningar, myndbönd, talningu á umferð um vefinn tengt *Google Analytics*, flæði efnis (með RSS



tengingum) ásamt mörgum öðrum eru notaðar til að efla virkni og efnismiðlun á Tungumálatorginu.

## Útlitshönnun

Eftir mikla yfirlegu og prófanir var valið að nota útlits-sniðmát byggt á útfærslu á stöðluðum útgáfum af sniðmátinu *TwentyTen* sem unnið var fyrir nýjustu útgáfu WordPress. Þar sem um er að ræða mismunandi vefhluta innan sama vefs (t.d. fyrir ákveðin tungumál, afmarkað námsefni, svæði einstaklinga, verkefnahópa og netsamfélagið) var ákveðið að byggja á einu sniðmáti til að gefa vefnum ákveðna heildarmynd. Notendur hafa þó töluverða möguleika til að aðlaga vefi sína og gefa þeim sérkenni þó sameiginleg einkenni gefi samræmda heildarmynd.

## Framsetning vefefnis, notkun hugbúnaðar og lausna

Við vefhönnun og uppsetningu efnis hefur rík áhersla verið lögð á myndræna framsetningu efnis og upplýsinga. Þetta hefur til að mynda verið gert með því að setja upp á vefnum myndasýningar með ljósmyndum geymdum á *Flickr* myndavefnum. Jafnframt hefur mikið verið unnið af skjáupptökum og hafa forritin *JingPro* og *Camtasia* verið nýtt til þessa. Skjákyppingar hafa verið vistaðar á *Screencast* vefsvæðinu, á sjálfu vefsvæði Tungumálatorgsins eða á *Youtube*. Flest myndbönd sem unnin hafa verið eru vistuð á svæði *Vimeo*. Vinnsla myndbanda hefur farið fram í *Movie Maker* og við vinnslu sjónvarpsþátta á DVD-diskum yfir á veftækt form voru forritin *E.M. DVD Copy* og *Handbrake* notuð. Undirtitill sjónvarpsefnis yfir á textaform var unninn með *SubRip* forritinu. Glærusýningar sem unnar hafa verið í *PowerPoint* eru flestar gerðar aðgengilegar með *Slideboom* sem sjálfkeyrandi sýningar innfelldar í vefsíður. Við gerð kynningarefnis hefur hugbúnaður frá *Prezi* einnig verið notaður til framsetningar á nýstárlegan máta. Forritin *Photoshop* og *Picasa* hafa verið nýtt við myndvinnslu. Við vefvinnslu sem felst í vinnslu HTML og CSS-stílsniða hafa forritin *Dreamweaver*, *Microsoft Expression Web* og *Frontpage* verið notuð. *Firebug* viðbótin við *Firefox* vafrann hefur einnig verið nýtt við aðlögun stílsniða er stjórna útliti á vefnum.

Forritin *Illustrator* og *Publisher* hafa verið nýtt við umbrot kynningarefnis. Jafnframt var sérstakt útlit/stílsnið hannað fyrir kynningarefni í *Word* og *Powerpoint* með lógói Tungumálatorgsins og laufblöðum sem einkenna útlit vefsins.

Fyrir afmörkuð verkefni Tungumálatorgsins hafa vinnuvefir verið settir upp og má nefna að



vinnuvefur fyrir sumarvinnu verkefnisstjóra með háskólanemum inniheldur yfir eitt hundrað færslur tengdar verkáætlunum, veflausnum, hagnýtum upplýsingum og verkefnaskilum. Jafnframt var sett upp sameiginlegt *Dropbox*-svæði fyrir vinnuskjöl og vefsvæði hýst af Menntasmiðju notað undir gögn, vefþróun og tímabundna hýsingu á endurunnu vefefni sem bjargað var úr glatkistunni.

## Vinnuaðstaða, vefhýsing og stoðir

Uppsetning vefkerfis og vinna fyrstu hluta vefsins fór að mestu fram í Menntasmiðju Menntavísindasviðs Háskóla Íslands. Öll aðstaða sem og aðgengi að hugbúnaði, þróunar-svæðum, upptökubúnaði og sértækri ráðgjöf hefur verið til fyrirmyndar.

Vefur Tungumálatorgsins er birtur undir léninu tungumalatorg.is sem er hýstur á þróunarvél rekinni af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Starfsmaður ráðuneytis hefur tekið virkan þátt í þróun vef- og netsamfélags og reynst verkefninu mikill fengur.

Bakland verkefnisins hjá Menntasmiðju og ráðuneyti hefur skipt sköpum fyrir framþróun þess. Þetta vinnulíkan þar sem ráðuneyti og háskóli eru umgjörð verkefnisins, auk þess sem að því hafa komið sérfræðingar í upplýsingatækni, reyndir kennarar, kennsluráðgjafar og háskólanemar, er útaf fyrir sig áhugavert líkan fyrir þróunarvinnu í menntasamfélaginu sem leiðir af sér ríkulegan afrakstur og byggir upp nýja þekkingu sem getur skilað sér áfram til fleiri aðila og verkefna.